

Hreinsunaráttak í Dalvíkurbyggð 2023

Tillaga frá deildarstjóra Eigna- og framkvæmdadeildar

Dalvíkurbyggð á að sýna gott fordæmi þegar kemur að allri umgengni. Það er mikilvægt að starfsmenn og stofnanir sveitarfélagsins fari fram með góðu fordæmi og séu til fyrirmyndar þegar kemur að umhverfismálum og umgengni um eigur sínar og umhverfi. Það er til lítills að óska eftir betri umgengni af íbúum og fyrirtækjum í sveitarfélaginu ef við fylgjum því ekki sjálf.

Lagt er til að sumarið 2023 verði farið í umhverfisáttak sem felst bæði í því að sveitarfélagið taki til og fari yfir sínar eigur, losi sig við það sem má henda og skipuleggi betur geymslu þess sem hefur eitthvað notagildi.

Einnig er lagt upp með að kortleggja, flokka, finna eigendur að og jafnvel henda ýmsum lausafjármunum sem eru víða í óleyfi á landi sveitarfélagsins.

Skipta má áttaksverkefninu upp í tvo megin áherslupætti:

A. Hreinsun á svæðum í eigu Dalvíkurbyggðar.

Bæta þarf umgengni og ásýnd á mörgum svæðum í eigu Dalvíkurbyggðar. Víða hefur safnast upp drasl og dót þar sem það á ekki að vera. Bæði er um að ræða eitthvað sem sveitarfélagið sjálft á og líka ýmislegt sem íbúar og fyrirtæki hafa komið fyrir. Oft hefur þessi þróun staðið yfir í mörg ár og því töluvert verk að finna út úr bæði eignarhaldi og nytsemi.

Mjög mikilvægt er líka að sveitarfélagið komi sér upp aðstöðu það sem starfsmenn geta tekið stærri hluti í sína vörslu tímabundið skv. lögum.

Áherslusvæði sumarið 2023:

Böggvisstaðaskáli

- Tiltekt og eigendaskráning á því sem er í skálanum og umhverfis hann
- Auglýst verði eftir eigendum að lausafjármunum sem ekki er vitað skil á
- Gerðir verði leigusamningar um geymslubíl við þá sem þess óska
- Meira eftirlit verði haft með umhverfi skálans

Böggvisstaðasandur

- Farið verði í hreinsun á Sandinum og umhverfi hans (íbúar hvattir til þátttöku)
- Auglýst eftir eigendum að lausafjármunum sem ekki er vitað skil á
- Skilti verði sett upp þar sem farið er inn í Friðland Svarfdæla með umgengnisreglum
- Meira og virkara eftirlit verði haft með svæðinu

Við Sandskeið

- Tiltekt og flokkun á lóð Áhaldahúss og Kyndils
- Tiltekt og eigendaskráning á þeim lausafjármunum sem eru meðfram Sandskeiði

Námur í landi sveitarfélagsins

- Hrísamóar, Höfði, Sauðanes, ofan Árskógssands og norðan Hauganess.
- Tiltekt þar sem þörf er á
- Malbiksefni fjarlæggt og komið á réttan stað
- Auglýst eftir eigendum að lausafjármunum sem ekki er vitað skil á
- Samstarf við HNE og byggingafulltrúa

B. Átak í skráningu og eftirfylgni með gámum/stöðuleyfum

Þó nokkuð er um gáma í sveitarfélaginu sem ekki eru með stöðuleyfi. Einnig eru margir gámar orðnir gamlir og úr sér gengnir, hættir að sinna sínu hlutverki og jafnvel farnir að skapa hættu.

Mikilvægt er að kortleggja gáma í Dalvíkurbyggð, fara yfir stöðu leyfismála og öryggi.

Lagt er til að óskað verði samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Byggingafulltrúa til að ná sem mestum árangri.

Gámasvæði austur á Sandi

- Farið yfir stöðu leyfismála og ástand gáma m.t.t. öryggis
- Auglýst eftir eigendum að þeim gámum sem ekki er vitað skil á
- Hættulegir og/eða ónýtir gámar fjarlægðir

Gámar við fyrirtæki

- Gámar kortlagðir og skráðir
- Farið yfir stöðu leyfismála og ástand gáma m.t.t. öryggis
- Farið verði fram á að hættulegir og/eða ónýtir gámar verði fjarlægðir